

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 17/1999
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 22/98 frá 31. mars 1998⁽¹⁾.

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 22/98 frá 31. mars 1998⁽²⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd
tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til
heimilisnota⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4d (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB)
í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

„4e. **398 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998
um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar
lampa til heimilisnota (Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 342, 17.12.1998, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 52, 17.12.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 342, 17.12.1998, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 52, 17.12.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 11d. (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„11e. **398 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB frá 27. janúar 1998 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar lampa til heimilisnota (Stjtið. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner